

## FUNDARGERÐ

**Nefnd:** Framkvæmdanefnd

**Efni:** Kerfisbundin endurskoðun - störf sem á eftir að fara yfir

**Viðstaddir:** Berglind Eva Ólafsdóttir, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Bjarni Bjarnason, Steinvör Laufey Jónsdóttir, Signý Jóhannesdóttir, Árni Egilsson, Jakóbína Björnsdóttir.

**Fundardagur:** 12.8.2015

**Tími:** 13:00 – 14:00

**Fundarstaður:** Vonarstræti 4

### Tekið fyrir á fundi:

- Farið yfir línur starfa sem var gerð athugasemd við og áttu eftir að fá kerfisbundna yfirferð.
  - senda þarf fyrirspurn á starfsmannstjóra Akureyrarbæjar varðandi einstaka atriði.
  
- Inga Rún ræddi um kynningu á starfsmatinu og málefnum því tengdu fyrir sveitarfélögin á komandi mánuðum.
  - Að boða sveitarfélög í nokkurs konar samtal um starfsmatið og kynna það fyrir starfsfólki
  - Hvernig er best að standa að slíkri kynningu/samtali og sömuleiðis hver á að sjá um kynninguna.
  - Ákveða þarf hver markhópur kynninganna skuli vera, hvað þurfi að koma fram á kynningunum, hversu langar og ítarlegar þær þurfi að vera og hvenær þær skuli fara fram.
  - Mælst til að nefndin skiptist á hugmyndum varðandi þessar kynningar.

Fundi slitið kl.14:00